

## Yfirlýsing vegna yfirtöku umsóknar um stofnframlag

Vísað er til umsóknar Skeiðs ehf., f.h. óstofnaðrar hses, um stofnframlag dags. 11. nóvember 2021. Sótt var um 18% stofnframlag og sérstakt byggðaframlag til byggingar á 11 almennum íbúðum fyrir tekju- og eignalága á vinnumarkaði, staðsettar í Ísafjarðarbæ. Stofnvirði umsóknar nemur kr. 381.622.465,-.


Skeið ehf., kt. 710505-2090, og Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, samþykkja hér með að Ísafjarðarbær, f.h. óstofnaðrar hses., yfirtaki framangreinda umsókn Skeiðs ehf., f.h. óstofnaðrar hses., um stofnframlag, sbr. málsnr. 202111412.

Af því leiðir að Ísafjarðarbær, f.h. óstofnaðrar hses., tekur yfir öll réttindi og skyldur sem fylgja veitingu stofnframlags skv. lögum nr. 52/2016 um almennar íbúðir ef umsóknin verður samþykkt, en afgreiðslu umsóknarinnar var frestað þar sem gagnaskil voru ekki talin fullnægjandi, sbr. bréf þess efnis dags. 30. desember 2021.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki bæjarráðs Ísafjarðarbæjar.

28. janúar 2022

f.h. Skeiðs ehf.



Sveinn Ingi Guðbjörnsson,

stjórnarformaður

f.h. Ísafjarðarbæjar



Birgir Guðmarsson,

bæjarstjóri